



Skeiða- og Gnúþverjahreppur	
Bnr. J. O	K/S 23.02.22
Ábm.	Svfr.
Afgr.	() Bréf () St
Lvm.	Trm

Lionshreyfingin á Íslandi safnar fé á nokkurra ára fresti til góðra málefna undir merkinu „Rauða fjöðrin“. Nú hefur Lionshreyfingin og Blindrafélagið tekið höndum saman um átak til að tryggja framboð af leiðsöguhundum í landinu til nýrra notenda og til endurnýjunar þeirra hunda sem nú þegar eru til staðar.

Samstarf Lions og Blindrafélagsins byggir á gömlum merg enda hefur Lionshreyfingin stutt við blinda og sjónskerta með myndarlegum hætti víðs vegar um heiminn í liðlega 100 ára sögu hreyfingarinnar.

Í þessari landssöfnun Lionshreyfingarinnar undir merkjum rauðu fjaðrarinnar er það nýmæli að styrkbeginn, Blindrafélagið, kemur mun meira að verkefninu með virkri þátttöku en í fyrrí söfnunum, enda er þörfin brýn. Söfnunin er upphafsátak í þriggja ára verkefni Blindrafélagsins um fjölgun leiðsöguhunda.

Blindrafélagið beitir sér fyrir því að tryggja félagsmönnum sínum aðgang að þjálfuðum leiðsöguhundum. Leiðsöguhundar eru gríðarlega öflugt hjálpartæki fyrir blint og verulega sjónskert fólk og veita þeir notendum mikið frelsi og aukið öryggi.

Notandi leiðsöguhunds öðlast frelsi til að komast um í umhverfi sínu, innan dyra sem utan á eigin forsendum. Hundarnir leiða notendur sína framhjá hindrunum sem í vegi þeirra verða og þeir gæta þess til dæmis að notandinn fái ekki trjágreinar í andlitið þar sem þær slúta yfir gangstéttir. Þeir finna auð sæti fyrir notendur sína þar sem það á við sem og afgreiðsluborð. Þeir gera viðvart um tröppur og eru þjálfaðir til þess að finna ýmsa hluti svo sem lykla eða hanska sem notendur missa á ferðum sínum með hundinum. Því til viðbótar eru leiðsöguhundar ekki síður góðir félagar og mörg dæmi eru um að þeir hafi rofið félagslega einangrun notenda sinna og stuðlað þannig að virkari þátttöku þeirra í samféluginu.

Beiðni þessi er liður í fyrsta hluta verkefnisins, þar sem að biðlað er til sveitarfélaganna í landinu um að leggja málinu lið með fjárramlagi við leggjum áherslu á að sem flestir taki þátt og átakið verði því þjóðará tak, varðandi fjárhæð þá höfum við horft til kr. 50.000 til kr. 250.000. framlagi frá sveitarfélögum og fyrirtækjum. Í framhaldinu verður leitað til fyrirtækja og að lokum til almennings með sölu á rauðu fjöðrinni. Þörfin er brýn.

Aukin lífsgæði og valdefling blindra og sjónskertra einstaklinga í þeirra daglegu athöfnum skilar sér margfalt til baka í virkari samfélagsþegin.

Reikningsnúmer söfnunarinnar er 0544-14-556440 kt. 640572-0869

Netfang raudfjodur@lions.is

Með fyrirfram þakklæti

Þorkell Cýrusson

Sigþór U. Hallfreðsson

Fjöldumdæmisstjóri Lions

Formaður Blindrafélagsins